



## Fundargerð

Stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar

Mánudaginn 29. nóvember 2010, kl. 20:00

Fundarstaður: Dvalarheimilið Barmahlíð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Þuríður Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

Sveinn Ragnarsson stjórnaði fundi uns formaður stjórnarinnar var kjörinn.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Kjör formanns og varaformanns.

*Gerð var sú tillaga að Gústaf Jökull Ólafsson yrði formaður og Sveinn Ragnarsson varðformaður. Tillaga samþykkt. Þá tók Gústaf Jökull Ólafsson við fundarstjórn.*

#### 2. Málefni Barmahlíðar, nýting og pláss.

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir stöðu dvalarheimilisins, hvernig nýting hefur verið á dvalarplássum og dagvistarplássum. Í dag eru 13 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými, 2 dvalarrými og 2 dagvistarrými. Góð nýting hefur verið á rýmum.*

### Önnur mál:

#### 3. Fyrirspurn frá hjúkrunarforstjóra varðandi frágang við aðalinngang.

Sveinn upplýsti að verið sé að vinna við frágang og vonaðist til að verkefninu ljúki sem fyrst.

#### 4. Fyrirspurn frá hjúkrunarforstjóra varðandi bókhald.

Þuríður Stefánsdóttir spurði hvernig liði að fá mánaðarlega útskrift af kostnaði vegna dvalarheimilisins til að fylgjast með sveiflum og halda utan um kostnað. Hún spurði um fjárhagsáætlun með tilliti til ráðningar á starfsfólki, t.d. vegna þjálfunar. Einnig koma fram fyrirspurn varðandi afslátt í sund fyrir starfsmenn dvalarheimilisins.

Sveitarstjóri svaraði fyrirspurn Þuríðar.

#### 5. Tillaga á fundi

Stjórn Barmahlíðar telur nauðsynlegt að klára að brunahólfa efri hæð dvalarheimilisins og undirbúa áframhaldandi byggingu íbúða. Stjórnin beinir því til hreppsnefndar að láta kostnaðargreina verkið og taka tillit til þess í gerð fjárhagsáætlunar.

#### 6. Erindi frá Jóhannesi Geir Gíslasyni varðandi dvöl í Barmahlíð.

Sveitarstjóra falið að ræða við Jóhannes.

**Fundargerð lesin, fundi slitið 22.30**
